

# KRISTNIBOÐSFRÉTTIR

Fréttabréf Sambands Íslenskra kristniboðsfélaga



sik.is

# Óttast ekki!

„En nú segir Drottinn svo, sá er skóp þig, Jakobsætt, og myndaði þig, Ísrael: Óttast þú ekki, því að ég frelsa þig. Ég kalla á þig með nafni, þú ert minn.“ Jesaja 43,1

Þjáist þú af ótta? Ég er ekki að hugsa um ótta við morgundaginn eða framtíðina þó svo það geti verið nógu slæmt. Nei, ég er að hugsa um þann ótta sem við sjaldan ræðum saman um: Óttann við sjálfs-blekkinguna, óttann við að standast ekki gagnvart Guði.

Þú spyrð: Hvernig get ég verið viss um að ég sé barn Guðs?

Ástæða þessa ótta liggur ekki hjá Guði heldur hjá þér. Fyrir eða síðar verða allir kristnir menn að glíma við kvíða og samviskubit sem heltekur bæði líkama og sál. Í dag snýr Guð sér að þér og segir: „Óttast þú ekki! Og hann nefnir þjár ástæður þess að þú skulir ekki óttast.

1. Hann hefur frelsað þig. Jesús Kristur keypti þig til þín svo að þú tilheyrir honum. Verðið sem greitt var fyrir hjálpraði þitt er

dýrmætt blóð Jesú. Þakkaðu honum fyrir það!

2. Hann hefur kallað þig með nafni þínu. Þegar Guð talar til þín þá á hann við þig. Hann veit hvað þú heitir. Hann veit hvar þú býrð. Já, hann veit allt um þig – og samt vill hann frelsa þig!

3. Hann segir við þig í dag: Þú ert minn! Það getur ekki þýtt neitt annað en það að þú færð að vera Guðs barn. Jafnvel þó þú getir ekki skilið það með skynsemi þinni eða fundið fyrir því með tilfinningum þínum, þá er það samt kveðja Guðs til þín. Trúðu því, vegna þess að Guð hefur sagt það!

Síðan lýsir spámaðurinn lífi okkar hér á jörðinni í kaflanum (Jes. 43,2-5). Það getur verið eins og að ganga gegnum vötn, gegnum vatnsföll, gegnum eld og loga. Já, það getur stundum verið erfitt að vera maður.

Taktu við kveðju Guðs til þín – líka á erfið-leikastundum: „Ég er með þér!“

## Sá vinur er hjá mér

Sá vinur er hjá mér er huggar mig senn og hjálpar í sárustu neyð. Sá vinur er Jesús hann elskar mig enn. hann elskar í lífi og deyð.

Af náð hans og miskunn ég útvalinn er Nú er ég hans frelsaða barn, Hann sleppir mér ekki hann áfram mig ber um eyðimörk lífsins og hjarn.

Hann yfir mér vakir á æfínnar braut og aldrei hann þreytist sem ég. Hann gengur við hlið mér í gleði og þraut Og gefur mér ljós á minn veg.

Ég óttast ei freistarans illvíga her því Ísraels Guð er mín borg. Hann verndar og huggar mig hvar sem ég er. Og hann þekkir einn mína sorg.

Að friðarins landi mig báturinn ber þótt bylgjurnar rísi við stafn. Minn Drottinn og frelsari innanborðs er. Ég elska og lofa hans nafn.

Nils Frykman- Sigurbjörn Sveinsson.



## Kristniþoðsfréttir

Fréttabréf Sambands íslenskra kristniþoðsfélaga, SÍK.

Blaðið Kristniþoðsfréttir segir frá kristniþoðsstarfi í Eþíópíu, Keníu, Kína, Japan og víðar um heim. Þar má lesa um útvarps- og sjónvarpskristniþoð sem SÍK styður í Mið-Austurlöndum og Norður-Afríku. Þá eru fréttir af heimastarfi félagsins, hugvekjur o.fl.

Hægt er að skrá áskrift með því að hafa samband við skrifstofu SÍK í síma 533 4900 eða með rafpósti til kristniþoð@sik.is – annað hvort prentaða útgáfu í almennum pósti eða með rafrænum hætti á rafpóstfang viðtakanda. Áskrift er ókeypis!

Ritstjóri er Friðrik Hilmarsson Zimsen

Útlit og uppsetningu annast Hugrún Lena Hansdóttir

Prentun er í höndum Litrófs.

Útgefandi er Samband íslenskra kristniþoðsfélaga (SÍK) oft nefnt Kristniþoðssambandið, Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík.

Sími: 5334900. Rafpóstur: kristniþoð@sik.is Vefslóð: www.sik.is

Framkvæmdastjóri er Ragnar Gunnarsson.

Forsíðumynd: Frá Keníu

## Hvað er kristniþoð

Kristniþoð snýst um að gera Jesú Krist þekktan meðal þjóðanna með því að boða fagnaðareriðið um hann og sýna fólki kærleika Guðs í verki með kærleiksþjónustu sem veitt er án nokkurra skilyrða og nokkurra þvingana. Þannig hefur fólki verið hjálpað með ýmsum hætti á sviði heilsuverndar og heilsugæslu, menntunar og skóla- starfs, fræðslu um umhverfismál, trjárækt og sjálfbærni, með valdefelingu kvenna o.fl. SÍK tekur þátt í ýmsum verkefnum í Eþíópíu og Keníu með fjárframlögum og ráðgjöf og er með kristniþoða í Japan. Með þátttöku í öflugum fjölmiðlastarfi fær fjöldi fólks tækifæri til að kynna Jesús Kristi í Mið-Austurlöndum, Norður-Afríku, Pakistan og Kína. Hagnýt ráð og hjálpar veitir von og styrk.

Á Íslandi er boðunar- og fræðslustarf á samkomum og fundum, með útgáfu lesefnis og birtingu á netinu. SÍK býður útflendingum ókeypis íslenskukennslu.

## Ejarmál

Starf SÍK er fjármagnað með frjálsum framlögum velunnara og áhugafólks, fjárflyflun og sölu á nytjamarkaði Basarsins. Þjóðkirjkan styður starfið með árlegu framlagi, Utanríkisráðuneytið styrkir afmörkuð verkefni eftir umsókn og Rannís íslenskukennslu fyrir útflendinga.

Hægt er að gerast stuðningsmaður starfsins með föstum greiðslum eða með því að greiða inn á bankareikning félagsins (0117-26-2800 / kt. 550269-4149). Fjárhagsáætlunin er um 100 milljónir á þessu ári. Nú eru gjafir að upphæð 10.000 til 350.000 á ári frádráttarbærar til skatts.

# Íslenskukennslan

Íslenskukennsla Kristniðóssambandsins nýtur stöðugra vinsælda og nú í lok þessa árs eru skráningar í kennsluna vel á fjórða hundrað. Mismunandi er þó hve lengi nemendur staldra við en oftast er nemendafjöldi í hverjum tíma á milli 60 og 70 manns.

Mikill meirihluti nemenda eru hælisleitendur og flóttafólk. Um 90% nemenda í ár hafa komið frá Venesúela og eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Næst stærsti hópurinn eru Afganir sem flestir hafa fengið hér dvalarleyfi en einhverjir bíða enn svars. Aðrir nemendur koma alls staðar að úr heiminum og eru hér af mismunandi ástæðum.

Nú á haustönn hefur staða venesúelskra nemenda okkar haft mikil áhrif. Margir þeirra eru mjög óttaslegnir og kvíðnir um framtíðina, ekki síst í ljósi nýjustu fréttu af þeim sem sendir voru úr landi fyrir nokkrum vikum síðan. Við höfum eftir fremsta megni verið til staðar fyrir okkar fólk,

boðið þeim upp á sálgæslu og fyrirbæn og gerum það sem í okkar valdi stendur til að hjálpa þeim. Það er erfitt að horfa upp á stöðu þessa fólks sem þráir ekkert heitar en öruggt umhverfi fyrir börnin sín að alast upp í. Venesúelabúarnir eru nánast undantekningarlaust vel menntað, duglegt og jákvætt fólk. Mörg þeirra hafa þegar náð góðum tókum á íslenskunni eftir aðeins nokkra mánuði eða rúmt ár í landinu. Flest þeirra, auk þess að læra íslensku hjá okkur, sinna einhverjum sjálfböðastörfum til þess að halda sér í virkni, þar sem þau hafa ekki leyfi til að vinna launaða vinnu og þau eru jákvæð, opin og viljug að aðlagast íslensku samfélagi.

Fyrir okkur sem höfum fengið að kynna þessum frábæra hópi er erfitt að horfa upp á stöðu þeirra og geta lítið sem ekkert gert. En við höfum bænina og vonina í Jesú og biðjum ykkur kristniðóssvini að taka þátt í að biðja fyrir þeim með okkur.

Við höfum verið blessunarlega mjög vel

sett með sjálfböðaliða í kennslunni í vetur. Við þurfum góðan hóp til að halda utan um þennan mikla fjölda. Í janúar síðastliðnum var í fyrsta skipti haldin kynning fyrir alla sem áhuga höfðu á að kynna sér starfið og mögulega gerast sjálfböðaliðar. Í framhaldinu var svo námskeið fyrir sjálfböðaliða þar sem farið var yfir kennslu-aðferðir, námsefni og ýmislegt fleira sem tengist kennslunni. Þetta gafst mjög vel og var endurtekið á haustönn. Í janúar 2024 stendur til að bjóða aftur upp á slíka kynningu og námskeið. Kynningin fer fram 9. janúar og er sem fyrr segir opin öllum sem áhuga hafa á að vita um hvað starfið í íslenskukennslunni snýst, án allrar skuldbindingar. 11. janúar verður svo fundur og námskeið með öllum sjálfböðaliðum bæði nýjum og þeim sem hafa verið áður. Nánari upplýsingar gefur undirrituð í gegnum netfangið [helga.vilborg@sik.is](mailto:helga.vilborg@sik.is)

*Helga Vilborg Sigurjónsdóttir*

## Í stuttu máli, héðan og þaðan

**Sumarmót Kristniðóssambandsins** var haldið að Löngumýri í Skagafirði um miðjan júlímánuð. Þó svo kalt væri hjá þeim sem sváfu í tjaldi var heitt inni, notalegar og uppbyggilegar samverur og gott samfélag sem þátttakendur voru þakklátir fyrir.

**Stólar:** Nýir stólar voru keyptir í Kristniðóssalinn í haust. Undanfarið ár hefur verið notast við stóla sem okkur voru gefnir en reyndust ekki hentugir. Þeir voru gefnir áfram en stólarnir sem voru þar á undan voru úr sér gengir enda rúmlega 30 ára og mikið starf í salnum. Fastagestir og aðrir sem vilja styrkja starfið geta gefið stól eða andvirði stóla. Hver stóll kostar um 25.000 krónur og má leggja inn á reikning 0117-26-002800, kennitala 550269-4149. Gott er að merkja greiðsluna „stóll“ eða „stólar“. Þessar gjafir sem og aðrar til starfsins gefa skattaafslátt samkvæmt lögum um almannaeiðlaskrá.

**Jólabasar Kristniðóssfélags kvenna** í Reykjavík var haldinn laugardaginn 18. nóv. Inn kom tæplega ein milljón króna. Stjórn og starfsmenn SÍK vilja þakka öllum þeim konum og körlum sem aðstoðuðu og lögðu fram framleiðslu sína á basarinn.

**Samkomur** hafa verið í Kristniðóssalnum alla miðvikudaga ársins að undanskildu hléi í júlí. Ýmsir hafa heimsótt landið og tekið þátt í samkomunum. Þær hafa verið sóttar af 20–50 manns. Ragnar Gunnarsson kenndi á fræðslukvöldum um Opinberunarbókina einu sinni í mánuði og lauk yfirferðinni í nóvember. Upprifjun, umræður og fleira verða á fræðslukvöldi 10. Janúar 2024.

**Kristniðóssvika í Reykjavík** er fyrirhuguð vikuna 25. febrúar til 3. Mars 2024. Meðal gesta verða hjónin Meheran Razi og Janet María Sewell sem búa í Lundúnum og starfa m.a. á meðal farsimælandi innflytjenda þar í landi og víðar.

**Basarinn:** Umfangsmiklar framkvæmdir fóru fram í sumar við Austurver, þar sem nytjamarcaður Kristniðóssambandsins er. Gangstétt var endursteypt, skipt um lagnir og hitalögn lögð í gangstétt. Einnig var hita- og loftræstikerfi Basarsins lagfært og hreinsað. Þess má geta að tekjur af Basarnum hafa aukist frá því á síðasta ári. Er það gleðilegt í ljósi hærri rekstrarkostnaðar og aukinna útgjalda SÍK í ár.

**Aðalfundur SÍK árið 2024** er fyrirhugaður miðvikudaginn 24. apríl og hefst kl. 18. Fundurinn verður í Kristniðóssalnum.

Umræddur dagur er jafnframt síðasti vetrardagur.

**Haustmarkaður Kristniðóssambandsins** var að þessu sinni haldinn 17. september. Eitthvað minna barst af vörum en oft áður en grænmetið var gott og seldist nánast upp. Inn komu rúmlega 600 þúsund krónur.

**Kristniðósdagurinn** var 12. nóvember síðastliðinn, annan sunnudag í mánuðinum. Útvarpsguðsþjónusta var frá Sandgerðiskirkju þar sem séra Kjartan Jónsson prédikaði og þjónaði fyrir altari en kórar heimamanna sungu.

**Kaffisala Kristniðósfélags karla** var að vanda haldin á kristniðósdaginn. Um kvöldið var samkoma í Kristniðóssalnum með þátttöku fólks frá Epiópiu sem býr hér á landi. Beyene Gailassie hafði hugleiðingu.

**Kristniðóssalmanakið 2024** er komið út og má nálgast það í flestum kirkjum á höfuðborgarsvæðinu og helstu þéttbýlisstöðum á landsbyggðinni. Eins má nálgast það á skrifstofu SÍK og á Basarnum. Almanakið er skreytt myndum frá Keníu og gefið út í samstarfi við Lífsmótun, útgefanda Lykilorða.

# Úttekt á verkefnum styrktum af utanríkisráðuneytinu

Undirritaður hélt til Keníu í október ásamt verktaka sem taka átti út skólaverkefni SÍK þar í landi sem og verkefni tveggja annarra samtaka. Mikið var á dagskrá á stuttum tíma en tíminn notaður vel frá morgni til kvölds. Nokkrir skólar voru heimsóttir og eins voru allir skólastjórar og formenn skólanefnda þeirra skóla sem hafa fengið styrk á liðnum 8 árum boðaðir á vinnustofu. Fundinn sóttu um 50 manns þar sem hvatt var til samráðs og að menn í sameiningu leituðu lausna á vandamálum sem blasa við.

Eitt brýnasta verkefnið er að bæta aðgengi að vatni. Sums staðar þurfa nemendur að ganga nokkurn spöl efir vatni sem er þá ekki heldur hreint. Nú er nýbúið að bora eftir vatni í Chepareria á lóð Udom Rescue Center og er leitt þaðan inn til grunnskóla og framhaldsskóla sem eru í næsta nágrenni.

Verktakinn hafði einnig innlendan samstarfsmann, konu sem m.a. var á sínum tíma hér á landi við nám í jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna. Beðið var um fund með héraðsstjóranum og þar mættu fulltrúar helstu ráðuneyta í héraðinu. Alls staðar var okkur vel tekið og upplýsingaöflun gekk vel.

Þegar vinnu lauk varð undirritaður eftir í einn dag að vinna að ýmsum málum með forystu kirkjunnar. Síðan hafði fulltrúi utanríkisráðuneytisins undirbúið fræðsluferð fyrir hann og þrjá fulltrúa kirkjunnar að fara til Úganda og skoða héraðsnálgun ráðuneytisins í tveimur héruðum þar, með sérstakri áherslu á skólastarf. Fyrri daginn var farið til Namayingo þar sem ráðuneytið hefur starfað í þrjú ár og þann seinni til Biukwe en þar hefur ráðuneytið styrkt verkefni í 9 ár. Var afar fróðlegt að kynnst þessu starfi sem hefur skilað góðum árangri. Bæði þessi héruð urðu fyrir valinu þar sem þau eru fiskimannasamfélög við Viktoríuvatnið.

Gagnkvæmur áhugi var hjá samferðafólki mínu og gestgjöfum okkar að halda góðum tengslum og geta áfram lært af hverju öðru.

*Ragnar Gunnarsson*



*Þátttakendur í vinnustofu sem haldin var fyrir skólastjóra og formenn skólanefnda.*

# Fréttir frá Japan

Kæru kristniboðsvinir! Við viljum byrja á því að þakka ykkur fyrir stuðning og fyrirbæni. Án ykkar gætum við ekki unnið þetta starf. Við höfum nýlega upplifað vakningu í söfnuðinum okkar á Rokkóeyju, sem við erum mjög spennt að deila með ykkur. Í byrjun október fengum við heimsókn frá Arthur Hallands, sem er þekktur vakningarpredikari hér í Japan. Hann er 72 ára gamall og hefur lagt mikið á sig við boðun fagnaðarerindisins, bæði sem götupredikari og með því að ganga með kross þvert yfir Bandaríkin og Japan. Auk þess heldur hann úti YouTube rás, þar sem hann sendir út ræður og viðtöl daglega. Mörg af sóknarbörnunum okkar hlusta reglulega á boðskap hans á netinu, sem er mjög hvetjandi.

Þetta var einstakt tækifæri til að boða fagnaðarerindið þeim sem ekki eru kristnir. Arthur flutti kraftmikinn boðskap um ást Guðs, krossdauda Jesú og nauðsyn þess að iðrast. Margir voru djúpt snortnir af orðum hans, og sérstaklega ein kona sem ákvað að gefa líf sitt Guði og játa trú á Jesú. Hún heitir Íneúe og er vinkona eins sóknarborns kirkjunnar. Hún var skírð í lok október. Í framhaldinu komst dóttir hennar einnig til trúar og var skírð.

Eftir samkomuna náði ég að tala við hana. Hún sagði mér að hún hefði kynnst nokkrum kristnum einstaklingum fyrr á lífsleiðinni, sem hefðu sagt henni frá fagnaðarerindinu. Hins vegar breyttist eitthvað í hjarta hennar þegar hún hlustaði á Arthur Hallands. Hún upplifði sektarkennd og löngun eftir fyrirgefningu, en einnig upplifði hún kærleika og gleði sem hún hafði ekki upplifað fyrr. Hún sá skýrt að Jesús var svarið við spurningum hennar. Því svaraði hún boði predikarans og ákvað að taka við Jesú sem Drottni og frelsara sínum.

Þegar ég hlustaði á vitnisburð Íneúe, var ég minntur á nokkur vers (5-9) í þriðja kafli fyrra bréfs Páls postula til Korintumanna: „Hvað er þá Apollós? Já, hvað er þá Páll? Þjónar sem hafa leitt ykkur til trúar og það eins og Drottinn hefur gefið hvorum um sig. Ég gróðursetti, Apollós vökvaði en Guð gaf vöxtinn. Þannig skiptir það engu hver gróðursetur eða hver vökvar. Það er Guð sem skiptir máli, hann gefur vöxtinn. Sá sem gróðursetur og sá sem vökvar eru eitt. En sérhver mun fá laun eftir erfiði sínu. Því

að samverkamenn Guðs erum við, Guðs akurlendi, Guðs hús eruð þið.“

Í þessum versum útskýrir Páll að hann og Apollós eru eingöngu þjónar Guðs, sem höfðu mismunandi hlutverk við að boða fagnaðarerindið. Páll plantaði fræi trúarinnar í hjörtu Korintumanna og Apollós vökvaði það með kennslu sinni. Hins vegar er Guð sá sem veitir vöxtinn og ávöxt frelsisins. Bæði Páll og Apollós höfðu sama markmiðið, að þjóna Guði.

Þessi vers minna mig á að oft uppskerum við það sem aðrir hafa í trúmennsku sáð. Við erum ekki ein um starfið heldur erum við hluti af stærri heild sem vinnur saman fyrir dýrð Guðs. Við sjáum ekki alltaf árangur strax, og á það sérstaklega vel við hér í Japan, en við getum treyst því að Guð blessar og gefur vöxt. Hann er Drottinn uppskerunnar.

Það hefur verið okkur mikil uppörvun og blessun að sjá hvernig Guð er að verki í lífi fólks hér í Japan. Oft tekur það langan tíma og við erum þakklát fyrir að hafa ykkur sem samverkamenn í þessu starfi. Við biðjum ykkur að þreytast ekki á að biðja fyrir starfinu. Við vonumst til að halda áfram að segja ykkur fréttir af því hvernig Guð breytir lífi fólks hér. Og í lokin vil ég biðja ykkur að biðja fyrir eftirfarandi bænarefnum:

- Biðjið fyrir Íneúe. Biðjum að hún megi vaxa í trú og að hún finni styrk og leiðsögn í orði Guðs.

- Biðjið fyrir söfnuðinum okkar á Rokkóeyju. Biðjum að Guð muni endurnýja okkur daglega og að við megum sjá vöxt og þroska í trú okkar.

- Biðjum að vakningin sem við höfum upplifað muni halda áfram og að fleiri einstaklingar upplifi kraft Guðs.

- Biðjið fyrir syni okkar Hannesi sem er á biblíuskóla í Noregi. Biðjið þess að Guð blessi dvöl hans í Noregi.

*Kærar kveðjur,  
Leifur, Katsuko, Lilja, Elín (og Hannes).*

## Kristniboðsmót fyrir ungt fólk í Noregi sumarið 2024

Ungliðahreyfing norska kristniboðssambandsins (Misjonssambandet - Ung) heldur á hverju sumri stórt kristlegt mót fyrir ungt fólk. Undanfarin ár hefur íslenskum ungmönnum verið boðið að taka þátt í mótinu þeim að kostnaðarlausu, þ.e. þau þurfa ekki að borga mótsgjald og fá fría eða mjög ódýra gistingu. Í fyrra sumar tóku fjögur íslensk ungmenni þátt í mótinu og tvær ungar konur fóru á mótið fyrir tveimur árum. Árin tvö þar á undan fóru mótin fram á netinu vegna samkomutakmarkana svo nokkuð er líðið síðan farið var með stóran hóp héðan til þátttöku en stefnt er að því að úr því verði bætt á komandi sumri. Í byrjun eða um miðjan janúar mun verða boðað til kynningarfundar fyrir þá sem áhuga hafa á að kynna sér mótið sem fer fram í Stafangri í Noregi dagana 23.- 27. júlí. Kynningarfundurinn verður auglýstur betur þegar nær dregur á netmiðlum okkar en nánari upplýsingar veitir Helga Vilborg Sigurjónsdóttir í gegnum netfangið helga.vilborg@sik.is.

Upplýsingar um mótið má einnig finna á heimasíðu mótsins ul.no og á Facebook, facebook.com/unglandsmote

## Um skósöfnun á Sorpu

Skóverkefnið - Látum skóna ganga aftur - hefur verið í gangi í næstum 30 árs samstarfi við Sorpu, Eimskip, Milad Export og fleiri. Hugsjón Sorpu er að skórnir séu nýttir betur, að þeir gangi aftur. Söfnunin hófst að tilstuðlan Steinars Waage skókaupmanns. Ekki hefur verið greint sérstaklega hvort þeir peningar fari sérstaklega til boðunar eða þróunarverkefna. En lítið mál er að gera það.

Um er að ræða tvo 40 feta gáma á ári. Sík fær sjálfboðaliða til að bera skóna úr 20 feta gámum sem eru á endurvinnslu- stöðvunum þremur yfir í 40 feta gám. Það tekur 10-12 sjálfboðaliða um 3 klukkutíma. Sík kemur skónum í verð, greiðir Eimskip fyrir flutninginn á sérstökum göðgerðartaxta og Sorpa skiptir sér ekki af þeim málum. Ef greiða ætti fullum fetum fyrir allt yrði ekkert eftir. En vegna göðvildar Eimskips og vinnu starfsmanna og með framlagi sjálfboðaliða fæst rúm hálf milljón króna í tekjur af hvorum gámi fyrir sig.

# Ráðstefna leiðtoga í barna og unglíngastarfi kristniboðshreyfinga á Norðurlöndunum

Dagana 7.- 9. nóvember var haldin ráðstefna fyrir leiðtoga barna og ungmennaráðs kristniboðshreyfinga á Norðurlöndunum (Nordisk indremissionsråd - barn og ungdom, skammstafað NIMBU). Kristniboðssambandið er tiltölulega nýkomið inn í þennan samráðsvettvang og hefur undirrituð setið í stjórn NIMBU fyrir hönd SÍK síðan vorið 2023.

Eins og margir kristniboðsvinir vita er lítil hefð fyrir barna- og ungmennastarfi á vegum Kristniboðssambandsins sem skýrist fyrst og fremst af nánu samstarfi við KFUM og K og Kristilegu skólahreyfinguna frá árdögum félaganna. Fyrir nokkrum árum fór að bera á mismunandi áherslum hjá félögum og nú er svo komið að samstarfið, eins og elstu menn muna, er ekki lengur fyrir hendi. Kristniboðssambandið stendur því á ákveðnum tímamótum hvað þetta varðar. Til þess að við getum lifað af sem kristniboðshreyfing og fylgt þeirri köllun sem við höfum, að halda áfram að boða fagnaðarerindið til allra þjóða, þarf endurnýjun að eiga sér stað. Meðalaldur virkra meðlima í SÍK fer stöðugt hækkandi og undanfarin ár hefur lítil endurnýjun orðið.

Þetta er áskorun sem við stöndum frammi fyrir en tækifærin eru líka mörg. Í vor sem leið var boðað til stefnumótunarfundar meðal félagsfólks sem var vel sóttur. Á þeim fundi voru þátttakendur á einu máli um að við þyrftum í innanlandsstarfinu að leggja áherslu á að ná til barna, unglínga, ungmenna og fjölskyldufólks með fagnaðarerindið og vekja áhuga þeirra á kristniboðinu. Þátttaka SÍK í NIMBU er liður í því að ná þessu markmiði. Þar er góður vettvangur til að ræða saman, styðja hvert annað og læra hvert af öðru. Norsku ungmennahreyfingarnar eru stærstar kristilegra æskulýðshreyfinga í sínum löndum.

Stjórn NIMBU hittist reglulega og fundar á netinu svo það var einstaklega ánægjulegt að hitta hópinn loks í eigin persónu. Auk stjórnarmeðlima sem koma frá öllum Norðurlöndunum var leiðtogum úr öllum hreyfingum innan NIMBU boðið að taka þátt og voru það 11 hreyfingar sem sendu fulltrúa á ráðstefnuna.

Áhersla þessarar ráðstefnu, eða fundar, var á að deila því sem er að gerast hjá hverjum fyrir sig, bæði áskorunum og erfiðleikum sem og gleði og þakkarefnum. Góður tími var tekinn til bæna bæði fyrir hverju landi og svo báðu þátttakendur hver fyrir öðrum og þeim bænarefnum sem hverjum og einum lá á hjarta.

Þetta var einstaklega uppbyggjandi og uppörvandi samfélag og mikil blessun að fá að taka þátt í þessu samstarfi.

Hópurinn tók þátt í samkomu í Kristniboðssalnum á miðvikudeginum og síðasta daginn var farið í ferð á Þingvelli þar sem landið skartaði sínu fegursta á sólríkum vetrardegi.

Það var mjög áhugavert að heyra frá starfi hinna hreyfinganna og margt sem gaman væri að nefna hér en tæki þá líklega of mikið pláss. Í stuttu máli má segja að í Noregi og Danmörku sé hafin vakning meðal ungs fólks. Hans Kristian Skaar, framkvæmdastjóri ungliðahreyfingar Norska kristniboðssambandsins (Missionsbandet Ung), greindi frá því að unga fólkinu þætti kristniboð spennandi og að þau flyktust að á viðburði þar sem kristniboðið ber á góma. Þetta er sannarlega þakkarefni og bænarefni í senn að þessi eldur megi halda áfram að breiðast út um Noreg og til nágrannalandanna. Í Finnlandi og Svíþjóð er róðurinn aðeins þyngri en þó margt jákvætt að gerast líka. Það sátu

allir gapandi þegar Jóhan Hansen frá Færeyjum sagði frá því að ennþá er gríðarlega mikil þátttaka í öllu starfi hjá þeim og Kirkjulega Heimamissiónin er enn að byggja ný samkomuhús. Færri börn komast að en vilja á marga viðburði og er helsta áskorunin að fá nógu marga sjálfbóðaliða til að halda starfinu úti. Sem dæmi má nefna að helgina fyrir ráðstefnuna tóku 150 börn þátt í söngbúðum og hefðu getað verið mun fleiri.

Þrátt fyrir þetta finna Færeyingarnir fyrir stöðugt meiri afkristnun í samfélaginu, ekki síst með tilkomu aukinnar netnotkunnar ungs fólks. Það er því bænarefni að færeyska þjóðin varðveitist í trúnni á Jesú Krist.

Í sömu viku og ráðstefnan var haldin kom í fréttum niðurstöður könnunar sem gerð hefur verið með nokkurra ára millibili hér á landi sem sýnir glögg tæknun kristninnar meðal íslensku þjóðarinnar. Það er ekki uppörvandi að lesa slíkar fréttir en við vitum að þar sem Jesús er þar er von. Við megum biðja djarflega fyrir vakningu og að Guð leiði okkur í því hvernig við getum náð til næstu kynslóða.

Kristniboðssambandið hefur nú þegar komið af stað nokkrum verkefnum sem vinna að þessum markmiðum og má lesa nánar um þau hér í blaðinu.

*Helga Vilborg Sigurjónsdóttir*



*Þátttakendur fundarins tóku þátt í samkomu í Kristniboðssalnum með vitnisburði og hvatningarorðum.*

# Tortryggni í garð kristniboðs

Kristin trú og kristniboð er ekki efst á vinsældalista hjá fjölmiðlum hér á landi eða almennt talað í norðvesturhluta Evrópu. Tortryggnin birtist nýverið í umfjöllun DV sem byggði á umræðu á samfélagsmiðlum um að tekjur af seldum skóm sem safnað er á þremur endurvinnslustöðvum Sorpu rynni til kristniboðs. Fram kom að sumum þætti það miður og eins var framsetning blaðamanns þannig að einungis var fjallað um boðunarþátt starfsins og ekkert minnst á kærleikspjónustu, hjálpar- og þróunarstarf það sem SÍK stendur fyrir.

Nú er skiljanlegt að guðleysingar eða fólk annarrar trúar vilji síður styðja við kristniboð og eins er engin ástæða til að fela það hvert peningarnir fara. Það sem vantaði var breiðari umfjöllun um starf SÍK en þar kom fram. Jafnframt felum við ekki að við boðum trú á Jesú Krist. Það er í raun mannréttindi að fólk fái að kynna fagnaðarerindinu og hafi val.

Orðin kristniboð og trúboð geta haft ákveðna merkingu í huga fólks, jafnvel fjarri þeirri merkingu sem við sjálf leggjum í orðin. Sumir sjá fyrir sér ákafa og ágenga trúboða sem skeyta hvorki um eitt eða neitt nema að koma sínum boðskap að. Aðrir tengja kristniboð við nýlendustefnu fyrri alda og fleira mætti telja til.

Starf Kristniboðssambandsins á að móttast af virðingu fyrir þeim sem starfað er á meðal, hvort sem um boðun og fræðslu er að ræða eða kærleikspjónustu. Kærleikspjónustan er ekki tæki til að ná tökum á fólki heldur þjónusta án skilyrða í anda Jesú Krists. Mikið starf var unnið í Epiópiu á liðinni öld á sviði heilsugæslu og læknishjálpar. Mikið er unnið að bættri aðstöðu til náms í Pókotsýslu í Keníu enda heimamenn sem biðja um það og þrýsta á að svo verði. Í báðum löndum eru börn og ungmenni styrkt til náms. Hér heima tóku rúmlega hundrað manns þátt í ókeypis íslenskukennslu í haust.

Kristniboðinn getur ekki gert annað en boðað fagnaðarerindið – ef fólk á annað borð er tilbúið að hlusta. Trúin er Guðs verk í hjörtum þeirra sem fagnaðarerindið hefur þau áhrif á. Segja má að ávöxtur starfsins í Konsó og þar suður af hafi komið á óvart. Kirkjan í Konsó er að verða jafn fjölmenn og íslenska þjóðkirkjan. Sama má segja um starf SÍK í Keníu.

En aftur að tortryggni. Fólk sem hefur ranghugmyndir um kristniboð og fólk sem aðhyllist guðleysi kærir sig ekki um að styrkja „kristniboð“ því sjálfsagt telur það slíka starfsemi vera til óþurftar. Og stundum er bætt við að ekki eigi

að eyðileggja menningu annarra með yfirgangi.

Kristniboðsstarfið er ekki unnið með yfirgangi. Þróunarsamvinna án nokkurrar tengingar við trúarlegan veruleika miðlar heimsmynd sem er mun frábrugðnar heimsmynd samstarfsaðilans og felur í sér mun meiri breytingu á hugsun og menningu fólks í Afríku en hefðbundið, vandað kristniboð gerir. Auk þess hafa kristniboðar víða bjargað tungumáli heimamanna frá glötun og grunnstöðum menningar en unnið gegn hinu illa, t.d. barnaútburði, mismunun, umskurði stúlkna og fleiru.

En vaxandi guðleysi og lokuð heimsmynd vísindanna á drjúgan þátt í því sem kallað hefur verið vaxandi „trúarópol“ eins og einn af prestum landsins benti á. Trúað fólk er komið á jaðarinn og unnið að því að gera það tortryggilegt með óvönduðum vinnubrögðum sums fjölmiðlafólks. Er það miður en sem betur fer þekkja margir til þess góða starfs sem Kristniboðssambandið vinnur að eða leggur lið og styrkir starfið með gleði. Hafið bestu þakkir fyrir!

*Ragnar Gunnarsson*

## Í stuttu máli, héðan og þaðan

**Sat7** hélt árlegan haustfund sinn, fyrir samstarfsaðila í Norður-Evrópu, í Kaupmannahöfn í september. Þar var starfið kynnt og rætt. Enginn fulltrúi SÍK var á staðnum en framkvæmdastjóri fylgdist með hluta dagskrárinnar á netinu.

Undanfarnar vikur hafa reynst starfsfólki Sat7 erfiðar vegna atburða í Landinu helga. Það biður trúfastslega fyrir öllum sem stríðið bitnar á. Brugðist hefur verið við með sérstökum beinum útsendingum og dagskrá sem tengd er samfélagsmiðlum. Þar fá raddir áhorfenda og forystufólks kirkna á svæðinu að heyrast. Kristið fólk talar fyrir réttlæti, friði og sáttargjörð. Mikið er beðið og fastað og hrópað til Drottins um að aðstæður breytist svo fólk sjái Jesú.

**Jarðskjálftarnir í Afganistan**, í október síðastliðnum, hafa einnig breytt aðstæðum fjölda áhorfenda Sat7 þar í landi. Kristið fólk þar biður um fyrirbæni fyrir sér og

öllum þeim sem hafa misst ættingja og vini. Flestir sem létu lífið í jarðskjálftunum voru konur og börn. Ástæðan er einkum takmarkanir sem Talíbanar hafa sett á ferðir og störf kvenna á opinberum stöðum og stúlkum sé bannað að sækja framhaldsskóla. Þar að auki lifir helmingur þjóðarinnar undir fátæktarmörkum.

**Pak7** heldur starfi sínu áfram með áherslu á að þjálfa heimamenn til dagskrárgerðar og stjórnun útsendinga á efni, bæði í sjónvarpi og á netinu. Mikið er lagt upp úr dagskrá fyrir börn og unglínga, en börn frá kristnum heimilum eru oft hornreka í samfélaginu og þetta gefur þeim tækifæri til að blómstra, auk þess sem vitnisburðurinn um Jesú nær til fleiri í Pakistan.

**Nordisk Indremisjonsráð** hélt fund sinn hér á landi í ágúst síðastliðnum. Ellefu framkvæmdastjórar frá Norðurlöndum mættu til að ræða þema fundarins, sem var fjöll, þ.e. fjöll sem við þurfum að takast á við í eigin lífi og þjónustu okkar.

Bíbliulestrar voru um verk Guðs á fjöllum og nærveru hans. Bíbliulestra hafði Magnus Persson, sænskur prestur og starfsmaður Evangeliska Fosterlandsstiftelsen í Svíþjóð. Fundurinn fór fram á Hótel Kríunesi við Elliðavatn.

**Akureyri:** Framkvæmdastjóri SÍK, Ragnar Gunnarsson, heimsótti Akureyri í lok nóvember. Prédikaði hann í guðspjónustu í Gleráarkirkju og talaði og sagði frá starfinu á samkomu kristniboðsfélagsins á staðnum í félagsheimili KFUM og K í Sunnuhlíð.

**Látum skóna ganga aftur:** DV birti frétt þann 21. nóvember um að tekjur af verkefninu Látum skóna ganga aftur (skósöfnun á 3 endurvinnslustöðvum Sorpu) og áframsending þeirra til annarra landa til áframhaldandi notkunar, rynnu til kristniboðs. Mátti skilja fréttina þannig að þetta væri hið versta mál. Framkvæmdastjóri brást við í athugasemdakerfi neðan greinarinnar og með bréfi til fréttamanns, fréttastjóra og ritstjóra.

## Haustmót í Vatnaskógi

Helgina 20.- 22. október héldu Íslenska Kristskirkjan, Salt kristið samfélag og Kristniboðssambandið sameiginlegt mót fyrir alla fjölskylduna í Vatnaskógi. Gestur mótsins var Zefjan Nikolla, prestur og framkvæmdastjóri kristilegu skólahreyfingarinnar í Albaníu. Zefjan var með fræðslu úr Filippíbréfinu þar sem hann lagði áherslu á gleðina í trúnni á Jesú og einnig sagði hann frá starfi sínu meðal stúdenta í Albaníu. Hann var einnig gestur í kristniboðsþættinum Köllun og kraftaverk á Lindinni. Þeir sem misstu af honum á mótinu geta hlustað á hann á heimasíðu og í appi Lindarinnar. Þar sagði hann einnig frá merkilegri sögu Albaníu og hvernig landið opnaðist kristniboði fyrir bæna.

Halldór Konráðsson, formaður Kristni-boðsfélags karla í Reykjavík, hefur mætt á haustmótin undanfarin ár ásamt börnum, tengdabörnum og barnabörnum. Gefum honum orðið:

„Ég hef átt margar góðar stundir í Vatnaskógi, nú síðast á fjölskyldumótinu sem haldið var í október. Mótið var mjög vel heppnað, frábærir fyrirlestrar og

samverustundir og mikil lofgjörð. Börnin eru spennt fyrir mótinu og Vatnaskógi enda er þar nóg að gera, íþróttahúsið og bátarnir eru heillandi og bænastundir í litlu kapellunni. Það er mikil blessun þegar



fjölskyldan kemur saman til að lofa Guð og mikilvægast af öllu er það sem Zefjans minnti okkur á að lif í fullri gnægð og sönn gleði er að þekkja Jesú Krist sem Drottinn okkar og frelsara. Takk fyrir gott mót.“



## Fimm ungmenni til Eþíópíu

Nú í byrjun mánaðarins héldu fimm ungmenni í ferð til Eþíópíu þar sem þau munu dvelja til loka janúar. Hópurinn er á eigin vegum en þau vildu bjóða fram krafta sína ef það væri eitthvað sem þau gætu lagt til fyrir kristniboðsstarfið. Í hópnum eru tveir smiðir þeir Jóel Kristjánsson og Ísak Einar Ágústsson en þeir eiga og reka saman smiðaverktakafyrirtækið Arnhöfða. Vonir standa til þess að þeir félagar geti notað þekkingu sína til þess að gera við og koma húsum í betra stand bæði í Voító og Ómó Rate. Það er fyrirbænaefni að aðstæður leyfi þeim að ferðast og komast inn á kristniboðsstöðvarnar en fyrir nokkrum vikum voru vandræði með að komast inn á lóðirnar vegna bleytu og aurs. Með þeim í för eru Snæfríður Tinna Brjánsdóttir, kærasta Jóels, Brigita Morkute, kærasta Ísaks og Dagbjartur Elí Kristjánsson. Þeir bræður, Jóel og Dagbjartur Elí, eru kristniboðasynir og vörðu hluta barnæskunnar í Eþíópíu, m.a. í Voító.

Einnig er á dagskránni hjá þeim að taka myndir og myndbönd sem geta nýst okkur í kynningum á starfinu.

Vonandi verður hægt að fylgjast með ferð þeirra á samfélagsmiðlum Kristni-boðssambandsins en það er allt undir nettengingum komið hversu mikið og ört það verður.

Það er ánægjuefni þegar ungt fólk sýnir starfinu okkar áhuga og vill leggja sitt af mörkum. Bæna okkar er að þessi ferð megi

vera til uppörvunar og blessunar bæði fyrir hópinn og einnig fyrir starfið okkar, ekki síst í því að mynda tengsl og áhuga á kristniboðinu hjá ungu fólki. Við hvetjum lesendur til að hafa hópinn í bænum ykkar, að ferðin megi ganga vel og að vernd Guðs verði yfir þeim.



Snæfríður Tinna, Jóel, Dagbjartur Elí, Ísak Einar og Brigita.

# Flóð herja á íbúa í Ómó Rate og víðar

Fyrri hluti þessa árs og reyndar tvö árin þar á undan hefur úrkoma verið minni en venja er í Austur-Afríku. Nú í nóvember hefur hins vegar rignt mun meira en venjan er á þessum árstíma. Áin í Ómó Rate, syðst í Eþíópíu safnar vatni úr fjallendinu norður frá. Nú rigndi svo mikið að áin flæddi yfir bakka sína og víða skemmdust hús fólks. Sumir urðu að flýja í snatri og rétt gátu tekið börnin með sér. Yfirvöld hafa í samstarfi við Rauða krossinn unnið að því að koma nauðsynjum til fólks sem missti allt. Nú hafa yfirvöld áhyggjur af því að kólerufaraldur geti farið um svæðið.

Ástandið getur orðið enn verra segja þeir sem til þekkja. Óvenjulegt veðurfar skýrist með svokölluðum El Níno áhrifum sem magnast upp vegna loftslagsbreytinga. Víðar í Austur-Afríku hafa orðið vandræði vegna óvenjumikillar úrkomu.



Orð  
Guðs  
fyrir  
hvern dag

## Lykilorð



Lykilorð færa þér texta úr Biblíunni, vers fyrir hvern dag ársins, því Guð vill tala til þín úr orði sínu.

- KILJA – til sölu á Netinu og í næstu bókabúð
- Rafbók – fylgir frítt með hverri keyptri kilju
- Hljóðvarp – textar dagsins lesnir upp
- Samfélagsmiðlar – og þeim deilt og tíst

Fylgdu okkur eftir, hlustaðu, lestu!

lykilorð.is  
postur@lykilorð.is  
sími 864 8790

# YoungLife á Íslandi

Sara María Gunnarsdóttir er nýr starfsmaður hjá Kristniðóðssambandinu. Hún brennur fyrir það að boða ungu kynslóðinni fagnaðarerindið. Hún fór til Noregs í sumar ásamt vinkonu sinni til þess að fylgjast með kristilegu sumarmóti á vegum YoungLife, en hún þráir að sjá starfsemi YoungLife byrja á Íslandi.

„Ég heyrði fyrst um þetta starf núna í vor, eiginlega fyrir slysi. Ég fór á kynningu á Lindinni þar sem maður að nafni Vitali sagði frá því um hvað YoungLife snýst. Guð snart svo sannarlega hjarta mitt og veitti mér meiri kærleika og samkennd í garð ungs fólks. Að heyra um þessi samtök fékk mig til að hugsa um hvort ég sýni fólki, sérstaklega ungu fólki, skilyrðislausan kærleika í verki óháð trúarskoðunum þess, aðstæðum eða ákvörðunum. Eitt leiddi af öðru og nú er ég búin að vera í sambandi við framkvæmdarstjóra YoungLife á Norðurlöndunum. Við Helga Vilborg, starfsmaður SÍK, hófum svo samstarf í haust í þeim tilgangi að skoða hvernig hægt væri að ná til ungs fólks á Íslandi og hvernig best væri að nálgast það að hefja YoungLife starf á Íslandi.“



Sara og Íris á sumarmóti í Noregi.

## Hvernig starfa YoungLive samtökin?

YoungLife samtökin voru stofnuð í Bandaríkjunum árið 1941. Síðan þá hafa þau vaxið og starfa nú í um 100 löndum. Þrátt fyrir að eiga uppruna sinn í Bandaríkjunum eru samtökin nú bæði alþjóðleg og þverkirkjuleg. Mikil áhersla er lögð á að starfið taki mið af menningu þess lands

sem starfað er í og einnig að virkja sem flestar kirkjur og kristilegar hreyfingar til að taka þátt og vera bakland starfsins. Á Norðurlöndunum hefur YoungLife hafið starfsemi í Noregi þar sem samtökin hafa m.a. verið í nánú samstarfi við norska kristniðóðssambandið (Misjonsambandet – NLM) og kristniðóðssamtök í Svíþjóð og



Unglingar fengu 20 mínútur til að leita Guðs eftir að þau heyrðu predikun um krossfestingu Jesú og hvað það þýðir.

Finnlandi.

Hugmyndin að baki YoungLife er að ná til unglunga og ungs fólks með fagnaðararindið um Jesú með einlægum samskiptum, skilyrðislausum kærleika og virðingu. Þegar þessi tengsl myndast styrkjast þau í svokölluðum YoungLife „klúbbum“ eða hópum. Margt skemmtilegt fer fram í þessum hópum en fyrst og fremst er skapað öruggt og lífflegt umhverfi fyrir unglungana til þess að vera þeir sjálfir, tengjast hver öðrum og kynnast sjálfböðaliðunum. Í hópunum deila sjálfböðaliðarnir, sem sjá um starfið, vitnisburðum sínum með krökkunum og eru alltaf opin bók með trú sína. Árlega er YoungLife starfið í hverju landi fyrir sig með sumarmót sem er aðal vettvangurinn til að bjóða unglingunum að heyra meira um trúna og kynnast Jesú á persónulegan hátt. Starfið hefur borið ávöxt og þeir unglungar sem frelsast í gegnum YoungLife hafa oft orðið sjálfböðaliðar eða jafnvel starfsmenn YoungLife sem síðan leiða aðra unglunga til trúar.

### En hvernig væri hægt að byrja slíka starfsemi á Íslandi?

„Fyrst og fremst þarf fólk, sem er viljugt til að styðja við starfið og taka þátt í því á margvíslegan hátt! Fólk sem hefur hjarta fyrir ungu fólk, fólk á öllum aldri og í

allskonar hlutverkum í þjóðfélaginu. Það getur vissulega tjáð ástríðu sína fyrir Guði og fyrir fólk í þessu starfi. Það er enginn of gamall eða of ungur til að vera hluti af YoungLife. Það sem mestu máli skiftir er að við séum brennandi í trúnni og þráum að hún sé boðuð og sýnd í verki.

Við fengum núna um daginn heimsókn frá Kristian Landro, framkvæmdarstjóra YoungLife í Noregi og funduðum með honum og fleirum. Við vorum sammála um að starfið verður að byrja með bæn til þess að hjörtu okkar séu einlæg og móttækileg. Við þurfum að standa í skarðinu og biðja fyrir unga fólkinu okkar (Esek. 22:30). Við höfum haldið nokkrar kynningar um YoungLife og margir í kringum okkur hafa sýnt mikinn áhuga og stuðning og núna hefjum við fyrsta skrefið sem er einfaldlega bænaherferð!”

Bænaherferðin er sem sagt bænahópur sem hefst eftir komandi áramót þar sem hist verður og beðið fyrir unga fólkinu á Íslandi sem og stofnun YoungLife starfsins hér á landi. Stofnaður hefur verið hópur á Facebook undir nafninu „Bænaher“ og getur hver sem er nálgast hann og verið með. Að sögn Söru er áætlunin að hafa bænahóp tvisvar í viku og segir hún alla innilega velkomna og hvetur fólk til þess að vera með.

## Ungmennastarf

Í vor var haldinn vel sóttur stefnumótunarfundur sem liður í undirbúningi fyrir aðalfund SÍK sem var daginn eftir. Fundurinn var vel heppnaður og ljóst að margir bera hag og framtíð starfsins fyrir brjosti. Eitt af því sem kom fram á fundinum og það sem flestir vildu leggja mesta áherslu á var að ná til ungs fólks af meiri krafti.

Liður í að ná þessu markmiði eru fjölskyldusamkomur einu sinni í mánuði og Krílasálmur sem eru tónlistarnámskeið fyrir foreldra með ung börn. Eins er kominn vísir að ungmennakór sem vonandi verður hægt að setja meiri kraft í eftir áramót.

Sara María Gunnarsdóttir var í haust ráðin í 25% starf til að sinna ungmennastarfi við hlið undirritaðrar og felst hennar starf m.a. í tengingu við alþjóðlega þverkirkjulega hreyfingu sem heitir Young Life. Þess má geta að Young Life hefur starfað náið með systurhreyfingu okkar í Noregi (Misjonssambandet - NLM) við að ná til unglunga með fagnaðararindið. Þetta starf er kallað „YoungLife“ en nánar má lesa um það í grein hér í blaðinu þar sem Sara segir frá verkefninu.

Eins og fram hefur komið er þessi áhersla á starf meðal fjölskyldna og ungs fólks hér á landi mikilvægur liður í að endurnýjun verði í Kristniðóðssambandinu og að næstu kynslóðir taki við keflinu í þeirri köllun sem Guð hefur fyrir okkur.


*Helga Vilborg Sigurjónsdóttir*



*Predikun um krossinn á YoungLife sumarmóti í Noregi.*



*Krílasálmur.*



# Jólabjós og jólagjöf

Ágæti lesandi Kristniboðsfrétta

Margvísleg jólabjós einkenna aðventuna og jólin. Þau gleðja augun, koma okkur í „jólaskap“ og létta skammdegið. Ljósin minna á hið sanna ljós, Jesú sem kom í heiminn og er ljós heimsins.

Með gjöf til kristniboðsins tökum við þátt í að tendra ljós gleði þeirrar sem fylgir fagnaðarerindinu um Jesú. Við opnum fyrir ljósið inn í andlegt myrkur og eynd margra.

Um mánaðamótin var send valkrafa á áskrifendur Kristniboðsfrétta sem birtist í heimabönkum þeirra. Áskrifendur hafa val - og greiða ef þeir vilja en láta ógert ef þeir vilja ekki. Von okkar er sú að fyrri kosturinn verði fyrir valinu hjá sem flestum og þökkum fyrirfram fyrir þær gjafir.

Valkrafan er sett inn til að auðvelda fólki að gefa. Upphæðin er 5.000 kr. Vilji einhver gefa minna eða meira er reikningur SÍK nr. 0117-26-002800 og kennitalan 550269-4149.

Með góðri gjöf til kristniboðsins tökum við þátt í að fleiri kynnist ljósinu sem kom í heiminn í Betlehem - og tökum þátt í margvíslegri kærleikspjónustu meðal meðbræðra og systra úti í heimi.

Með blessunaróskum og bæn um gleðileg jól,

F.h. stjórnar SÍK  
Ragnar Gunnarsson framkvæmdastjóri